

Lífeyrissjóður Rangæinga
Suðurlandsvegi 3, 850 Hella

Ársfundur 2012 v. 2011

Fundargerð nr. 105.

Fundarstaður : Verkalýðshúsið, Helli.

Fundartími : Þriðjudagur 8. maí 2012, kl. 20.00.

Már Guðnason, stjórnarformaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund formlega. Tillaga borin upp um að Már taki að sér fundarstjórn og að Óskar Pálsson riti fundargerð. Samþykkt samhljóða.

Mætt: Óskar Pálsson, Már Guðnason, Ingólfur Kr. Rögnvaldsson, Ármann Ægir Magnússon, Þorgils Torfi Jónsson, Ólafur Gylfason, Sigurður Sigurþórsson, Drífa Nikulásdóttir, Árný Hrund Svavarsdóttir, Heimir Hafsteinsson, Pétur Magnússon og Pröstur Sigurðsson.

Gengið til dagskrár.

Fundarefni:

1. Skýrsla stjórnar

Már Guðnason flytur skýrslu stjórnar.

Iðgjaldatekjur á árinu 2011 námu 283,3 millj.kr. en voru 271,7 millj kr. árið 2010, sem er um 4,3% hækkun frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur námu 150,7 millj.kr., sem er 4,8% aukning frá fyrra ári. Meðaltal fjölda lífeyrisþega á árinu 2011 var 465 en 454 árið 2010. Rekstrargjöld námu 13,4 millj.kr., sem er 4,7% af iðgjaldatekjum ársins og ef miðað er við þann mælikvarða sem yfirleitt er miðað við þ.e. hreina eign þá er hlutfall rekstrarkostnaðar um 0,22%, sem er öluvert hærra en undanfarin ár. Hækkun rekstrarkostnaðar skýrist að mestu af auknum kostnaði vegna þóknana til fjárvörsluaðila vegna góðs árangurs á árinu 2010. Almennt hefur kostnaður þó hækkað.

Af heildareign sjóðsins sem var í árslok 6.244,9 milljónir kr., eru skuldabréf, eignir í verðbréfasjóðum og hlutabréf 5.559,9 milljónir kr. eða 89%.

Heildarráðstöfunarfé sjóðsins á árinu til kaupa á verðbréfum og til annarra fjárfestinga nam 1.836,7 milljónir kr. Heildarávöxtun sjóðsins á árinu 2011 var 8,6% en raunávöxtun var 3,2% samanborið við 9,3% raunávöxtun 2010.

Hrein eign sjóðsins í árslok til greiðslu lífeyris var 6.239,5 milljónir kr. og hækkaði frá fyrra ári um 620,5 milljónir kr. eða 11%.

Fjöldi sjóðfélaga með réttindi var 9086 í árslok 2011. Meðaltal fjölda sjóðfélaga á árinu, þ.e. þeir sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu var 860 en var 836 árið 2010.

Stjórn sjóðsins fundaði með formlegum hætti alls 14 sinnum á starfsárinu.

Störf stjórnar hafa verið með hefðbundnu sniði á starfsárinu. Af einstaka málum mætti t.d. nefna málefni Verkalýðshússins og tengibyggingarinnar.

Samþykkt var síðastliðið vor af hálfu vel flestra eigenda bygginganna við Suðurlandsveg 1 og 3 auk tengibyggingarinnar að leggja eldri fasteignir inn í félagið Suðurlandsveg 1-3 ehf. Fasteignir ríkissjóðs eiga þó áfram húsnaði

heilsugæslunnar. Með þessum aðgerðum var hægt að koma fótum undir starfsemi og rekstur Suðurlandsveggar 1-3 ehf. og halda áfram framkvæmdum við tengingu húsanna.

Fjárfestingarkostir eru enn vandfundnir og atvinnulíf almennt á undir högg að sækja þó rúmlega þrjú ár séu frá hruni. Gjaldeyrishöft enn við lýði og því miður virðist enn langt í land að mál þróist með betri og skýrari hætti.

Helstu fjárfestingar sjóðsins á árinu hafa verið í ríkisskuldabréfum og einstaka hlutabréfum og verðbréfasjóðum. Að auki hafa verið lagðir fram fjármunir til Framtakssjóðs Íslands.

Að beiðni stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) skipaði ríkissáttasemjari 24. júní 2010 nefnd til að gera úttekt á fjárfestingastefnu, ákvarðanatöku og áhættumati við fjárfestingar lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins í október 2008. Nefndin lauk störfum 3. febrúar 2012 með útgáfu skýrslu sem tekur til starfsemi og fjárfestinga allra 32 aðildarsjóða LL á árunum 2006-2009.

Í umfjöllun skýrslunnar um Lífeyrissjóð Rangæinga kemur m.a. fram að fjárfestingastefna sjóðsins virðist hafa verið með hæfilegum vikmörkum og eignasafnið dreift. Tap sjóðsins á falli bankanna varð minna en fjölmargra annarra lífeyrissjóða eða um 12-13% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Helgast það m.a. af því að sjóðurinn fjárfesti ekki mikið í hlutabréfum, auk þess að fjárfesta mikið í ríkistryggðum bréfum. Mestu tapaði sjóðurinn í skuldabréfum stóru viðskiptabankanna. Fjárfestingastefna sjóðsins var ljóslega varfærin sem skilaði sér í minna tapi en ella.

Því má segja að stefna stjórnar sjóðsins til langstíma þ.e. varfærin fjárfestingastefna, þar sem megin hugsunin er að ávaxta fjármuni sjóðsins jafnt og þétt án mikilla sveiflna hafi skilað árangri í þeim ólgusjó sem lífeyrissjóðir og aðrar stofnanir á fjármálamarkaði hafa gengið í gegnum á undanföllum árum.

Tryggingafræðileg úttekt fyrir árið 2011 liggur fyrir. Niðurstaðan er sú að áunnar skuldbindingar eru umfram áunnar eignir sem nemur 3,3% og heildarskuldbindingar eru umfram heildareignir sem nemur 5,1%.

Staða sjóðsins hefur aðeins versnað á milli ára. Skýringin er að jöfnu að ávöxtun sjóðsins að teknu tilliti til endurmats nær ekki því viðmiði sem notað er við mat skuldbindinga lífeyrissjóða (3,5%) og að mat á rekstrarkostnaði og fjárfestingargjöldum hækkar umfram hækkun verðlags milli ára. Staða sjóðsins er þó innan þeirra marka sem eru áskilin samkvæmt lögum um lífeyrissjóði.

2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings 2011

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti reikninginn. Helstu niðurstöður eru :

Iðgjöld	283,3 mkr.
Lífeyrir	150,7 mkr.
Fjárfestingartekjur	533,8 mkr.
Fjárfestingargjöld	32,7 mkr.
Rekstrarkostnaður	13,4 mkr.
Hækkun á hreinni eign	620,5 mkr.
Hrein eign í árslok 2011	6.239,5 mkr.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikning. Framkvæmdastjóri svaraði fyrirspurnum varðandi ársreikning ársins. Fundarstjóri bar ársreikning upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt

Framkvæmdastjóri sjóðsins, fór yfir og kynnti niðurstöður úttektar á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Niðurstaða athugunar á stöðu sjóðsins í árslok 2011 er að það vantar kr. 206,1 milljónir til að sjóðurinn eigi fyrir áföllnum skuldbindingum eða 3,3% og kr. 546,2 milljónir vantar til að sjóðurinn eigi fyrir heildarskuldbindingum eða 5,1%. Samanber skýringu 16 í ársreikningi. Samanburður milli ára leiðir í ljós að staða sjóðsins versnar lítillega. Skýrist það að jöfnu að ávöxtun ársins nær ekki því viðmiði sem notað er við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða og að mat á rekstrarkostnaði og fjárfestingargjöldum hækkar umfram hækkun verðlags milli ára.

4. Fjárfestingarstefna 2012

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Stefna sjóðsins fyrir 2012 er að hlutur sjóðsins í hlutabréfum, innlendum og erlendum hlutabréfa- eða verðbréfasjóðum, nemi um 10% af hreinni eign sjóðsins. Samsvarandi er stefnt að því að hlutur sjóðsins í skuldabréfum og innlánum nemi a.m.k. 85% af hreinni eign sjóðsins. Þar af skal hlutur ríkistryggðra bréfa nema a.m.k. 70%. Vikmörk bæði hvað varðar innlán og eign í skuldabréfum, þá sérstaklega ríkistryggðum bréfum, hafa jafnframt verið aukin.

5. Stjórnarkjör

Af hálfu Samtaka atvinnulífsins liggur fyrir tilnefning um Árnýju Hrund Svavarsdóttur sem aðalmann og til vara Guðmund Svavarsson. Skipunin er til tveggja ára eða til ársfundar sjóðsins 2014.

Af hálfu Verkalýðfélags Suðurlands liggur fyrir tillaga um Má Guðnason sem aðalmann og Pétur Magnússon til vara. Af hálfu FIT liggur fyrir tillaga um Heimi Hafsteinsson sem aðalmann og Ármann Ægi Magnússon til vara. Allir kjörnir til eins árs.

Aðrar tillögur bárust ekki. Fundarstjóri bar upp tillögurnar til samþykktar eða synjunar.

Tillögur voru samþykktar samhljóða.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins voru sendar út til aðildarféлага með tveggja vikna fyrirvara, líkt og kveðið er á um í samþykktum, og hafa sömuleiðis legið frammi á skrifstofu sjóðsins. Framkvæmdastjóri kynnti breytingarnar.

Um er að ræða breytingar á eftirfarandi greinum:

4.5.1

Er:

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast innra eftirlit. Stjórn

sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu hans, setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá skal stjórnin setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fá þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

Verður:

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórn semur við endurskoðanda til að annast sjálfstætt, innra eftirlit. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins, setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá skal stjórnin setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fá þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

9.4

Er:

...

Liggi ekki annað fyrir skal við innheimtu iðgjalds miðað við að iðgjaldshluti launamanns sé 4% en launagreiðanda það sem umfram er, þó að lágmarki 6%.

Verður:

...

Liggi ekki annað fyrir skal við innheimtu iðgjalds miðað við að iðgjaldshluti launamanns sé 4% en launagreiðanda það sem umfram er, þó að lágmarki 8%.

11.7.a

Er:

a. Í síðasta lagi 7 árum áður en taka ellilífeyris getur hafist ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, þannig að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka, og skerðast þá réttindi sjóðfélagsins sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagsins. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða.

Verður:

a. að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka, og skerðast þá réttindi sjóðfélagsins sem því nemur. Þessi ákvörðun skal tekin áður en taka lífeyris hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur og þá háð því, að sjúkdómar eða heilsufar sjóðfélaga hafi ekki dregið úr lífslíkum. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagsins. Þessi skipting er ekki heimil nema um gagnkvæma skiptingu sé að ræða.

12.6.c

Er:

Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 80.000 kr. á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og það stafar af undanskoti frá

greiðsluskyldu til lífeyrissjóða, skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg iðgjöld hafa verið undir 80.000 kr., og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps.

Verður:

Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 42.000 kr. fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árlegar iðgjaldsgreiðslur hafa verið undir 42.000 kr., og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps.

13.1

Er:

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum fyrir andlátið og a.m.k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum fyrir andlátið og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.

Verður:

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum fyrir andlátið og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.

13.5

Er:

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélagi, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagsins. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabil fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.

Verður:

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélagi, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagsins. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabil fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.

19. kafli um séreignardeild fellur á brott.

Númer kafla og málsgreina í köflum 20-24. breytast í samræmi við brottfall kafla nr. 19.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Bar síðan upp tillögurann til samþykktar eða synjunar. Tillögurnar samþykktar samhljóða.

7. Laun stjórnarmanna

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu stjórnar um að laun stjórnarmanna fyrir árið 2012 verði svo :

Laun stjórnarmanna hækki um 10% auk þess að taka hækkun miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs, frá 1. maí 2011 (371,2) til 1. maí 2012 (395,1), hækkun vísitölu 6,44%.

Almenn stjórnarlaun verði kr. 35.331 á mánuði.

Varaformaður (ritari) er með 25% álag og laun verði því kr. 44.164 á mánuði.

Formaður stjórnar er með 50% álag og laun verði því kr. 52.997 á mánuði.

Varamaður stjórnar fær kr. 17.667 fyrir hvern setinn fund.

Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað s.s. vegna aksturs á stjórnarfundi eða aðra þá fundi sem stjórnarmenn þurfa að sækja vegna stjórnarsetu sinnar.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillagan samþykkt samhljóða.

8. Kjör endurskoðanda,

Endurskoðunarnefnd sjóðsins leggur til að Guðmundur Hannesson verði áfram endurskoðandi sjóðsins vegna ársins 2012.

Tillaga er því lögð fram þess efnis að endurskoðandi sjóðsins vegna ársins 2012 verði Guðmundur Hannesson löggiltur endurskoðandi hjá Endurskoðendastofunni ehf.

Tillagan samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Framkvæmdastjóri dreifði til fundarmanna kafla úr skýrslu Úttektarnefndar Landsamtaka lífeyrissjóða er fjallaði um Lífeyrissjóð Rangæinga.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu niðurstöður úttektarinnar.

Framkvæmdastjóri sagði frá úttekt FME á starfssemi sjóðsins. Sú úttekt fór fram 18. Október 2011 og barst endanleg úttektarskýrsla nú í endaðan apríl sl. Fjöl margar athugasemdir komu fram í úttektinni og er unnið að úrbótum ásamt þjónustuaðilum. Að kröfu FME mun verða fenginn óháður úttektaraðili til að taka út starfsemina eftir að úrbætur hafa verið gerðar. Stjórn hefur ákveðið að fá fulltrúa frá Deloitte til verksins.

Fráfarandi stjórnarmenn, Ingólfur og Óskar, þökkðu samstarfið á liðnum árum og óskuðu sjóðnum farsældar. Már Guðnason, formaður stjórnar, þakkaði samstarfið á liðnu starfsári, fráfarandi stjórnarmönnum þakkaði hann sérstaklega fyrir samstarfið á liðnum árum. Bauð nýkjörna fulltrúa velkomna í stjórn sjóðsins.

Þorgils Torfi þakkaði samstarfið og óskaði nýju fólki í stjórn velfarnaðar. Fjallaði um störf stjórnar og þær breytingar og auknu kröfur sem gerðar eru til stjórnarmanna.

Ármann Ægir þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum fyrir sín störf. Fjallaði um kröfur tímans hvað varðar stærð lífeyrissjóða og sameiningar sjóða. Fór yfir þær miklu breytingar sem hafa orðið á starfsemi sjóðsins á liðnum árum, bætt og aukið upplýsingaflæði, vöxt og ýmislegt því tengt.

Fleirra ekki rætt.

Fundarritara og framkvæmdastjóra falið að ganga frá fundargerð ársfundarins og senda fulltrúum.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi formlega kl. 21.20.

Fundarritarar :
Óskar Pálsson
Þröstur Sigurðsson